AUGLÝSING

70
14. maí

um

breyting á prófreglugerð fyrir gagnfræðadeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 18. apríl 1907.

1. gr.

Síðari málsgrein 5. gr. í breytingu þeirri, er gerð hefir verið á reglugerðinni 5. apríl 1923 orðist svo: Fyrir skriflegar úrlausnir skal eigi gefa sérstakar einkunnir nema í íslenzku. Í öðrum greinum skal aðeins gefa eina einkunn fyrir munnlega og skriflega frammistöðu.

2. gr.

Reglur þær, er settar eru með reglugerðarbreytingu þessari koma strax til framkvæmda.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1930.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

71
14. maí

um

breyting á prófreglugerð fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 20. maí 1910.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefir Hans hátign konungurinn í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi reglugerð um breyting á prófreglugerð fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík.